

# Jeratún ehf.

---

Ársreikningur

---

**2010**

Jeratún ehf.  
Grundargötu 30  
350 Grundarfjörður  
kt. 501203-2030

---

# Jeratún ehf.

---

Ársreikningur

---

**2010**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um breytingar á eigin fé	7
Skýringar	8-17

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Jeratúni ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jeratúns ehf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 14 með ársreikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þær aðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Grundarfirði, 31. mars 2011

Deloitte hf.

  
Jónas Gestur Jónasson  
endurskoðandi

  
Jón Rafn Ragnarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Jeratúns er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögum verðbréfamarkaði.

Tap Jeratúns ehf. á árinu 2010 nam kr. 4.922.934. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 462.681.919, eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 41.380.203 og er eiginfjárhlutfall félagsins neikvætt um 8,94%.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafi árs. Hlutfé í Jeratúni ehf. er kr. 127.500.000 og skiptist þannig:

	Nafnverð	Hlutdeild
Stykkishólmsbær .....	34.426.590	27%
Grundarfjarðarbær .....	35.699.393	28%
Snæfellsbær .....	56.097.788	44%
Helgafellssveit .....	1.276.229	1%

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði flutt til næsta árs.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31.júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 52.480.416 á ársgrundvelli með virðisaukaskatti og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Jeratúns ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 31. mars 2011

Í stjórn



Kristinn Jónasson  
Stjórnarformaður



Gísli Ólafsson



Gyða Steinsdóttir

framkvæmdastjóri



Eyþór Björnsson  
framkvæmdastjóri

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

---

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur .....		41.468.111	39.189.436
Annar rekstrarkostnaður .....		(4.358.998)	(4.464.952)
Afskriftir .....	8	(4.785.649)	(4.785.649)
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		<u>32.323.464</u>	<u>29.938.835</u>
Fjármunatekjur .....	5	326.743	194.344
Fjármagnsgjöld .....	6	(37.573.141)	(68.153.039)
<b>Heildarafkoma ársins</b>		<u>(4.922.934)</u>	<u>(38.019.860)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	449.879.019	454.664.668
		<u>449.879.019</u>	<u>454.664.668</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	9	49.351	15.564
Handbært fé .....	9	12.753.549	14.191.327
		<u>12.802.900</u>	<u>14.206.891</u>
<b>Eignir</b>		<u>462.681.919</u>	<u>468.871.559</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	10	127.500.000	102.500.000
Ójafnað tap .....		(168.880.203)	(163.957.269)
Eigið fé		<u>(41.380.203)</u>	<u>(61.457.269)</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	11	453.948.559	482.282.783
		<u>453.948.559</u>	<u>482.282.783</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	12	42.168	522.204
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	39.868.740	36.877.788
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	10.202.655	10.646.053
		<u>50.113.563</u>	<u>48.046.045</u>
Skuldir		<u>504.062.122</u>	<u>530.328.828</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>462.681.919</u>	<u>468.871.559</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		32.323.464	29.938.835
Afskriftir .....		4.785.649	4.785.649
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>37.109.113</b>	<b>34.724.484</b>
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....		(33.787)	(9.150)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....		(369.592)	(785.782)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>36.705.734</b>	<b>33.929.552</b>
Innborgaðir vextir .....		326.743	194.344
Greiddir vextir .....		(25.026.676)	(25.660.058)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>12.005.801</b>	<b>8.463.838</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(38.443.579)	(35.903.175)
Innborgað hlutafé .....	10	25.000.000	38.000.000
		(13.443.579)	2.096.825
Hækkun handbærs fjár .....		(1.437.778)	10.560.663
Handbært fé í upphafi árs .....		14.191.327	3.630.664
Handbært fé í lok árs .....		12.753.549	14.191.327

## Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

---

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1 2009.....	64.500.000	(125.937.410)	(61.437.410)
Aukning hlutfjár.....	38.000.000	0	38.000.000
Heildarafkoma ársins.....	0	(38.019.860)	(38.019.860)
Eigið fé 31.12.2009.....	102.500.000	(163.957.269)	(61.457.269)
Aukning hlutfjár.....	25.000.000	0	25.000.000
Heildarafkoma ársins.....	0	(4.922.934)	(4.922.934)
Eigið fé 31.12.2010.....	127.500.000	(168.880.203)	(41.380.203)



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

### Endurbættir staðlar

IFRS 5 – Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (endurbætur 2009). Endurbæturnar gera kröfu um að skýringar um fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi séu í samræmi við kröfur IFRS 5. Kröfur um skýringar í öðrum stöðlum taka ekki til slíkra eigna nema gerðar séu sérstakar kröfur um skýringar eða að skýringarnar tengist mati á eignum og skuldum aflögðu starfseminnar sem IFRS 5 fjallar ekki um.

IAS 1 – Framsetning reikningsskila (endurbætur 2009). Endurbæturnar skýra að möguleg framtíðargreiðsla á skuld með útgáfu eiginfjárgerninga hefur ekki áhrif á flokkun skuldarinnar meðal langtíma- eða skammtímaskulda.

IAS 1 – Framsetning reikningsskila (endurbætur 2010). Endurbæturnar skýra að félögum er heimilt að birta greiningu á annarri afkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

IAS 7 – Yfirlit um sjóðstreymi (endurbætur 2009). Endurbæturnar tilgreina að aðeins er heimilt að flokka eignfærðan kostnað sem fjárfestingarhreyfingu í sjóðstreymi.

IAS 27 – Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (endurbætur 2008). Endurbæturnar varða breytingar á eignarhluta í dótturfélögum án þess að móðurfélag missi ráðandi hlut. Samkvæmt endurbættum staðli skal færa slíkar breytingar meðal eigin fjár og hafa þær engin áhrif á rekstur eða viðskiptavild.

IAS 28 – Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum (endurbætur 2008). Endurbæturnar varða breytingar á eignarhluta í hlutdeildarfélagi þegar veruleg yfirlit eru ekki lengur til staðar. Samkvæmt endurbættum staðli skal eignarhlutinn sem eftir stendur metinn á gangvirði og breytingar færðar í rekstrarreikning.

IFRS 3 – Sameiningar félaga (endurbætur 2008). Eftirfarandi endurbætur voru gerðar á IFRS 3:

- Heimild um val á mati hlutdeildar minnihluta á kaupdegi. Heimilt er að meta hlutdeild minnihluta annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í hreinum eignum hins keypta félags.
- Skráning og reikningshaldsleg meðferð á óvissu endurgjaldi. Fyrir breytingu var óvissu endurgjald aðeins skráð á kaupdegi ef líklegt væri að það félli til og hægt væri að meta það með áreiðanlegum hætti, allar síðari breytingar á óvissu endurgjaldinu höfðu áhrif á kaupverðið. Samkvæmt endurbættum staðli er óvissu endurgjald metið á gangvirði á kaupdegi, síðari breytingar hafa áhrif á kaupverðið en aðeins ef það er vegna nýrra upplýsinga um gangvirðið á kaupdegi sem koma til á matstímabilinu (hámark 12 mánuðir frá kaupdegi). Allar aðrar síðari breytingar á óvissu endurgjaldi sem fært er meðal eigna eða skulda eru færðar í rekstrarreikning.

# Skýringar

---

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (framhald)

- Krafa um skráningu hagnaðar eða taps af sáttargerð, vegna fyrra sambands kaupanda og seljanda, sem gerð er sem hluti af sameiningu.
- Krafa um að allur kostnaður vegna sameiningar félaga verði gjaldfærður þegar hann fellur til. Áður var heimilt að færa kostnaðinn sem hluta af kaupverðinu. Ákvæðið gildir ekki um kostnað vegna útgáfu hlutafjár eða nýrra lána.

### 2.2 Minniháttar endurbætur á stöðlum og túlkunum

IFRS 1 – Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Endurbæturnar heimila viðbótar undanþágur við innleiðingu á IFRS í tengslum við olíu- og gaseignir og ákvörðun um það hvort samningur feli í sér leigu.

IFRS 2 – Eignahlutatengd greiðsla – eignahlutatengdar greiðslur gerðar upp með handbæru fé innan samstæðu. Endurbæturnar skýra betur umfang staðalsins og veita frekari leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð í aðgreindum reikningsskilum á eignarhlutatengdum greiðslum sem gerðar eru upp með handbæru fé innan samstæðu.

IFRS 5 – Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi. Endurbæturnar gera kröfu um að eignir og skuldir dótturfélaga skuli flokka til sölu ef móðurfélag hefur tekið ákvörðun um að selja ráðandi hlut í dótturfélagi, óháð því hvort móðurfélagið muni eiga hlut í félaginu eftir söluna.

IAS 39 – Fjármálagerningar, skráning og mat – heimilaðar áhættuvarnir. Endurbæturnar veita nánari skýringar á tveimur sjónarmiðum sem lúta að áhættuvörnum; að skilgreina verðbólgu sem áhættuvarðan lið eða hluta af henni og áhættuvörn með valréttum.

IFRIC 17 – Úthlutun á eignum til eigenda í öðru en reiðufé. Túlkunin veitir leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð þegar félag úthlutar eignum til eigenda í formi arðs í öðru en reiðufé.

IFRIC 18 – Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum. Túlkunin tekur á reikningshaldslegri meðferð vegna yfirfærslu eigna frá viðskiptamönnum. Þegar eign er færð til félags frá viðskiptamanni og eignin uppfyllir skilyrði um eignfærslu skal hún eignfærð. Móttakandinn skal færa eignina á gangvirði á yfirfærsludegi og til tekna í samræmi við IAS 18.

Það er mat stjórnenda að almennt muni innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn.

# Skýringar

---

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (framhald)

### 2.3 Nýir og endurbættir staðlar sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi

Félagið hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja og endurbætta staðla sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi:

Endurbætur á IFRS 1 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar). Takmarkaðar undanþágur, fyrir félög sem innleiða IFRS í fyrsta skipti í reikningsskil sín, um samanburðarfjárhæðir í skýringum í samræmi við IFRS 7.

IAS 24 (endurbættur 2009, tekur gildi fyrir reikningstímabili sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar). Skilgreining á tengdum aðilum er einfölduð og opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta frá kröfum um upplýsingar í skýringum um tengda aðila.

Endurbætur á IAS 32 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar). Flokkun ákveðinna fjármálagerninga.

Endurbætur á IFRIC 14 (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar). Fyrirframingreislur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksframlag.

IFRIC 19 (taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar). Fjárskuld felld niður með útgáfu eiginfjárgerninga.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### 3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

### 3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### 3.3 Tekjur

#### *Leigutekjur*

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Eina rekstrartekjur félagsins eru leigutekjur.

### 3.4 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### 3.5 Tekjuskattur

#### *Frestaður tekjuskattur*

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarþær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### 3.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

### 3.7 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkanin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

# Skýringar

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á varanlega rekstrarfjármuni sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

## 5. Fjármunatekjur

	2010	2009
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	274.180	129.040
Aðrar vaxtatekjur .....	52.563	65.304
	<u>326.743</u>	<u>194.344</u>

## 6. Fjármagnsgjöld

	2010	2009
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	(7.066)	(463.102)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(37.539.672)	(67.489.824)
Önnur vaxtagjöld .....	(26.403)	(200.113)
	<u>(37.573.141)</u>	<u>(68.153.039)</u>

## 7. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2011 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### Kostnaðarverð

	Fasteignir
Staða 1. janúar 2009.....	475.263.383
Eignfært á árinu.....	0
Staða 31. desember 2009.....	<u>475.263.383</u>
Staða 1. janúar 2010.....	475.263.383
Eignfært á árinu.....	0
Staða 31. desember 2010.....	<u>475.263.383</u>

### Afskriftir

Staða 1. janúar 2009.....	19.114.466
Afskrift ársins.....	4.785.649
Staða 31. desember 2009.....	<u>23.900.115</u>
Staða 1. janúar 2010.....	23.900.115
Afskrift ársins.....	4.785.649
Staða 31. desember 2010.....	<u>28.685.764</u>

### Bókfært verð

Bókfært verð 31. desember 2009.....	<u>454.664.668</u>
Bókfært verð 31. desember 2010.....	<u>449.879.019</u>

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir .....	178.600.000	612.650.000

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 450 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 494 milljónum króna.

## 9. Aðrar peningalegar eignir

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2010	31.12.2009
Fjármagnstekjuskattur .....	49.351	15.564
	<u>49.351</u>	<u>15.564</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2010	31.12.2009
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	12.753.549	14.191.327
	<u>12.753.549</u>	<u>14.191.327</u>

## 10. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok .....	127.500.000	100,0%	127.500.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

## 11. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2010	31.12.2010
Skuldir í ISK .....	493.817.299	519.160.571
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	493.817.299	519.160.571
	<u>(39.868.740)</u>	<u>(36.877.788)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>453.948.559</u>	<u>482.282.783</u>

# Skýringar

## 11. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....	39.868.740
Afborganir 2012 .....	39.868.740
Afborganir 2013 .....	39.868.740
Afborganir 2014 .....	39.868.740
Afborganir 2015 .....	39.868.740
Afborganir síðar .....	294.473.599
	<u>493.817.299</u>

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Innlendar viðskiptaskuldir .....	42.168	522.204
	<u>42.168</u>	<u>522.204</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Virðisaukaskattur .....	1.760.152	1.649.708
Ógreiddir áfallnir vextir .....	8.442.503	8.996.345
	<u>10.202.655</u>	<u>10.646.053</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2010	31.12.2009
Skuldir við lánastofnanir .....	39.868.740	36.877.788
	<u>39.868.740</u>	<u>36.877.788</u>

## 13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

### 13.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2010	31.12.2009
Handbært fé .....	12.753.549	14.191.327
Lán og kröfur .....	49.351	15.564
Fjárskuldir	31.12.2010	31.12.2010
Fjárskuldir .....	504.062.122	530.328.828

### 13.2 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta og lausafjárahætta.

# Skýringar

## 13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

### 13.3 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

#### Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Aðrar kröfur .....	49.351	15.564
Handbært fé .....	12.753.549	14.191.327
	<u>12.802.900</u>	<u>14.206.891</u>

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

### 13.4 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíðinni.

Skuldir 31.12.2010	Innan	2012	2013+	Samtals
	eins árs			
Óvaxtaberandi .....	10.244.823	0	0	10.244.823
Með föstum vöxtum .....	39.868.740	39.868.740	414.079.819	493.817.299
	<u>50.113.563</u>	<u>39.868.740</u>	<u>414.079.819</u>	<u>504.062.122</u>
<b>Eignir 31.12.2010</b>				
Óvaxtaberandi .....	49.351	0	0	49.351
Með fljótandi vöxtum .....	12.753.549	0	0	12.753.549
	<u>12.802.900</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>12.802.900</u>
<b>Hrein staða 31.12.2010</b>	<u>(37.310.663)</u>	<u>(39.868.740)</u>	<u>(414.079.819)</u>	<u>(491.259.222)</u>

## 14. Rekstrarhæfi

Tap félagsins á árinu 2010 var um 4,9 millj.kr. og er eigið fé félagsins neikvætt um rúmar 41,3 milljónir króna í árslok 2010, þrátt fyrir 25 milljón króna hlutafjárukningu á árinu. Sökum bágrar fjárhagsstöðu félagsins er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins byggir á því að unnt sé annaðhvort að bæta rekstrarafkomu eða að eigendur félagsins leggi fram viðbótarhlutafé. Leigutekjur Jeratúns, sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa ekki undir skuldbindingum Jeratúns ehf. en í ársreikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi. Af þessum ástæðum er óvíska um rekstrarhæfi félagsins, nema að unnt sé að afla eigin fjár.



# Skýringar

## 15. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi	2010	2009	2008
<b>Arðsemi</b>			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	37.109.113	34.724.484	29.057.623
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,89	0,89	0,84
b) Hagnaðarhlutfall .....	(0,12)	(0,97)	(2,14)
a) EBITDA/rekstrartekjur			
	b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur		
Úr efnahagsreikningi	31.12.2010	31.12.2009	30.12.2008
<b>Nýting fjármagns</b>			
c) Veltuhraði eigna .....	0,09	0,08	0,07
c) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
<b>Greiðsluhæfi</b>			
d) Lausafjárhlutfall .....	0,26	0,30	0,08
e) Veltufjárhlutfall .....	0,26	0,30	0,08
d) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir			
	e) Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
f) Eiginfjárhlutfall .....	-8,94%	-13,11%	-13,27%
g) Innra virði hlutfjár .....	(0,32)	(0,60)	(0,95)
f) Eigið fé/heildarfjármagn			
	g) Eigið fé/hlutfé		
Úr sjóðstreymi ársins	2010	2009	2008
h) Skuldaþekja handbærs fjár .....	0,02	0,02	0,01
i) Gæði sölunnar .....	1,00	1,00	1,12
j) Gæði afkomu .....	(2,44)	(0,22)	(0,08)
k) Gæði rekstrarhagnaðar .....	0,37	0,28	0,25
h) Handbært fé frá rekstri/skuldir			
	j) Handbært fé frá rekstri/hagnaður		
i) Innborgaðar tekjur/bókfærðar tekjur			
	k) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður		
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2010	2009	Breyting
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	10,51%	11,39%	-0,88%
Afskriftir/rekstrartekjur .....	11,54%	12,21%	-0,67%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>22,05%</b>	<b>23,60%</b>	<b>-1,55%</b>

# Skýringar

## 16. Sjóðstreymisýfirlit

	2010	2009	2008	2007	2006
Tap ársins.....	(4.922.934)	(38.019.860)	(74.357.200)	(27.530.709)	(31.892.404)
Afskriftir.....	4.785.649	4.785.649	4.766.391	4.749.801	4.581.189
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	13.100.307	42.253.850	73.289.341	26.404.121	31.331.523
Aðrar breytingar.....	0	0	0	0	(1.721.613)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>12.963.022</b>	<b>9.019.639</b>	<b>3.698.532</b>	<b>3.623.213</b>	<b>2.298.695</b>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(33.787)	(9.150)	4.186.794	5.373.967	(787.823)
Rekstrartengdum skuldum.....	(923.434)	(546.651)	(1.893.318)	(12.861.504)	20.779.937
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>12.005.801</b>	<b>8.463.838</b>	<b>5.992.008</b>	<b>(3.864.324)</b>	<b>22.290.809</b>

## 17. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 31. mars 2011.